

## Leiðbeiningar fyrir High-Line LM (70690)



Móttakari og fjarstýring bílskúrshurðaoopnarans eru stillt með sama kóða. Þegar keyptar eru fleiri fjarstýringar þarf að stilla bílskúrshurðaoopnarann til samræmis við nýja kóðann á fjarstýringunni.

**Kóði nýrrar fjarstýringar stilltur inn í móttakarann með gula, kringlótta samstillingarhnappinum:**



1. Ýtið á gula samstillingarhnappinn á opnarannum og sleppið honum. Samstillingarljósið logar stöðugt í 30 sekúndur
2. Haldið inni þeim hnappi á fjarstýringunni sem nota á fyrir bílskúrshurðina.
3. Sleppið hnappinum þegar ljósið á opnarannum blikkar. Kóðinn hefur verið stilltur inn. Núna virkar hurðaoopnarinn um leið og ýtt er á hnappinn á fjarstýringunni. Ef hnappinum á fjarstýringunni er slept áður en ljósið á opnarannum blikkar nemur opnarinn ekki kóðann.

### Til að eyða öllum fjarstýringarkóðum:

Til að gera óæskilega kóða óvirka verður að eyða öllum kóðum út fyrst.

Haldið gula hnappinum á opnarannum inni þar til logandi samstillingarljósið slokknar (eftir u.þ.b. 10 sek.). Með því eyðast út allir kóðar sem hafa verið stilltir inn. Stilla þarf inn allar fjarstýringar og öll lykklalaus aðgangskerfi upp á nýtt.